

Sveitarfélagið Garður  
Páll Svavar Pálsson,  
byggingarfulltrúi  
Sunnubraut 4  
250 Garður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. ágúst 2013  
Tilvísun: UST20130600054/ksj

## Skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013 - 2030

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Garðs er barst 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013 – 2030.

### Auðlindir


Umhverfisstofnun tekur undir það að umhverfisgæði strandsjávar verði til skoðunar í aðalskipulagsvinnunni og að mótaðar verði tillögur um framtíðarlausn í fráveitumálum. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að tillögur um framtíðarlausn á fráveitumálum í nýju aðalskipulagi verði með tímasettum markmiðum. Umhverfisstofnun bendir á reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og tímasett markmið í þeirri reglugerð. Í kaflanum auðlindir kemur fram markmið um verndun strandlengjunnar með hverfisvernd. Umhverfisstofnun bendir á að ef áætlað er að vernda strandlengjuna til framtíðar er mikilvægt að stefna að friðlýsingu hennar.

### Matsspurningar

Í umfjöllun um matsspurningar þar sem farið er yfir möguleg áhrif á íbúa og umhverfi mætti bæta lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 sem viðmið í atriði 4.2 verndarsvæði og útivistarsvæði. Einnig mætti bæta sem viðmiði í atriði 4.7 sorp og fráveita, lögum um fráveitu og skólp nr. 798/1999 og reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun